

**Háskólinn á Akureyri
Hug- og félagsvísindadeild
Kennaradeild
2013**

**Allir hafa hæfileika til að skapa
Sköpun í námi grunnskólabarna**

**Kristín Sesselja Kristinsdóttir
Lokaverkefni til 180 eininga B.ED.-prófs**

**Háskólinn á Akureyri
Hug- og félagsvísindadeild
Kennaradeild
2013**

**Allir hafa hæfileika til að skapa
Sköpun í námi grunnskólabarna**

**Kristín Sesselja Kristinsdóttir
Leiðsögukenndari: Rósa Kristín Júlíusdóttir
Lokaverkefni til 180 eininga B.ED.-prófs**

Yfirlýsingar

Ég lýsi því hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.Ed.-prófs í kennaradeild

Útdráttur

Sköpun í námi er grunnur þess að einstaklingar geti seinna unnið störf sem krefjast sköpunar og útsjónarsemi. Grunnþáttur menntunar er ætlað að stuðla að samfellu í námi þar sem sköpun og verklegt nám hefur jafnt vægi og bóklegt nám, því hugur og hönd gegna mikilvægu hlutverki við að efla þroska einstaklingsins. Hver maður býr yfir sköpunarhæfni og því er mikilvægt að börn njóti kennslu í listum. Með listsköpun öðlast einstaklingurinn frelsi til þess að skapa á eigin forsendum og auka þekkingu sína á heiminum og ólíkri menningu. Börn verja meirihluta æsku sinnar í skólum sem leggja áherslu á bóklegt nám. Þá vaknar sú spurning hvort menntakerfið hafi gert óraunhæfar kröfur til fólks; kröfur sem eru ofar mannlegum gildum og látið efnislega hluti ráða náminu. Með öðrum orðum: að menntakerfið hafi ekki viðurkennt hin raunverulegu gildi sem eru einstaklingurinn sjálfur. Þekking barna hefur verið mæld með prófum. Orð hins þekkta heimspekings Johns Dewey, „Learning by doing“, eru í samræmi við það sem listir og skapandi nám bjóða nemendum upp á. Þar fer fram lausnamiðað nám sem rekið er áfram með drifkrafti einstaklingsins og forvitni nemandans til að sjá útkomuna. Nám er flókið ferli og til eru margar kennsluáferðir til að miðla þekkingu. Rannsóknir hafa sýnt að kennarar telja sig ekki nægilega vel í stakk búna til þess að fara út fyrir umgjörð kennslubókarinnar og vinna með kennslu sem byggir á sköpun. Skapandi kennarar búa yfir þori og vilja til þess að fara út fyrir kennslurammann og mynda samfellu í námi með ólíkum námsgreinum. Listir og menning eiga ekki að vera uppfyllingarefni í námi barna heldur hluti af þeirri menntun sem börn ættu að fá í skólum.

Summary

In order to later become successful at jobs where creativity and resourcefulness is required, children need creative education. The basic elements of education are designed to create a continuum where creativity and practical training have equal weight as academic learning, and where mind and hand play an important role in enhancing personal development. Creativity can be found in every person and it is important that children get art education. Through artistic creation individuals get to create in their own terms and increase their knowledge of the world and different cultures. Children spend the majority of their youth in school and get almost all their knowledge from books. Then the question arises whether education has made unrealistic demands on children that are beyond human values and let the academic education take control. In other words: has the education system not recognized the real value, which is the individual himself? Children's knowledge has been measured by applying tests which have no value for the student himself but measure only the knowledge the teacher focuses on teaching. The philosopher John Dewey's words, „Learning by doing“, are in accordance with what the teaching of arts and creative activities provides students. It is a solution-based learning driven by the student's energy and his curiosity to see the project's outcome. Learning is a complex process and there are many methods to distribute knowledge. Research has shown that teachers do not feel adequately prepared to step outside the textbook and use their own creativity. Teachers create through courage and the desire to go beyond the educational framework, related images and continuity learning in different subjects. Arts and culture should not be secondary in children's education, but a part of the education that children get in school.

Mig langar að þakka eiginmanni mínum Snorra Pálmasyni sérstaklega fyrir að hafa óbilandi trú á mér og öllum þeim verkum sem ég tek mér fyrir hendur.

Ég met þá trú mikils.

Fjölskyldu minni sem hefur tamið sér mikla þolinmæði við gerð þessa verkefnis, vil ég þakka sérstaklega fyrir tillitssemi og skilning.

Efniyfirlit

1. Inngangur	2
2. Kenningar fræðimanna	3
2.1 John Dewey (1859–1952)	3
2.2 Howard Gardner (1943)	5
2.3 Rudolf Steiner (1861–1925)	6
2.4 Elliot W. Eisner (1933)	8
3. Grunnþættir menntunar	9
4. Hvers vegna sköpun?	13
5. Sjálfsskilningur og sjálfmynd	17
6. Skapandi skólar	19
7. Skapandi kennarar	24
8. Listir	26
8.1 Dans	28
8.2 Leiklist	28
8.3 Sjónlistir	29
8.4 Tónlist	30
9. Umræða	31
Heimildaskrá	35

1. Inngangur

Mínar fyrstu minningar um nám eru frá því að ég var um það bil fjögurra ára gömul, þar sem ég ligg á maganum inni í stofu að teikna í takt við ævintýri sem Bessi Bjarnason segir. Ég reyndi að teikna ævintýrið og gera það sýnilegt svo ég gæti séð það með myndrænum hætti. Ég man að tilfinningin sem vaknaði við að skapa var góð og mér hefur ávallt fundist auðvelt að túlka og tjá sjálfa mig í gegnum mismunandi sköpun. Val mitt á viðfangsefni í þessari ritgerð er til komið vegna þess að ég starfaði á leikskóla í fimm ár og kynntist því hvernig börn læra í gegnum sköpun. Seinna vann ég með börnum í grunnskóla en þá var upplifun mín aftur á móti sú að nám barna beindist að miklu leyti að námsbókum og að klippt væri á sköpunarþörf barna eftir því sem leið á grunnskólanámið.

Með nýrri aðalnámskrá grunnskóla, sem gefin var út árið 2011, hefur sköpun verið gefið meiri vægi í námi. Það er von mín að kennarar og skólastjórnendur rói á miðin, finni sköpuninni farveg í skólasamfélaginu og noti hana til að mennta og gera nám barna meira spennandi og bæta líðan þeirra. Sem starfsmaður í skóla hef ég komið auga á að margir nemendur eru haldnir námsleiða; þeim finnst ekki spennandi að læra einungis upp úr bókum heldur vilja þeir fá tækifæri til þess að kanna viðfangsefni og skapa út frá þeim.

Ég fagna þeim breytingum sem aðalnámskrá hefur tekið en hún gerir nú ráð fyrir að allir nemendur séu ekki mótaðir í sama formið eða stilltir á sömu stillinguna. Raunin er sú að nemendur hafa ólíkar þarfir og þurfa mismunandi leiðir til náms og skapandi skólastarf auðveldar kennurum að mæta þörfum ólíkra nemenda.

Í ritgerðinni er megináhersla lögð á mikilvægi lista og skapandi starfa í grunnskólum. Rannsóknarspurningin er: *Hvers vegna er mikilvægt að skólar vinni með sköpun í námi grunnskólabarna?*

2. Kenningar fræðimanna

Ýmsar kenningar hafa verið settar fram um nám og þroska manna. Hér á eftir verður fjallað um kenningar John Deweys, Howard Gardners, Rudolf Steiners og Elliot W. Eisners á því hvernig maðurinn lærir og hvernig eigi að stuðla að því að hann nái að þroska skilningarvit sín í námi.

2.1 John Dewey (1859–1952)

John Dewey er talinn vera einn fremsti og áhrifamesti hugsuðurinn sem skrifað hefur um uppeldi manna. Hugmyndir hans hafa á síðastliðnum áratugum haft áhrif á ýmsa uppeldisfræðinga. Samkvæmt Dewey er uppeldi tengt við *verkhyggju* (e. pragmatism). Í hugtakinu verkhyggja felst sú hugsun að manneskjan búi yfir ákveðnu hegðunarmynstri. „Learning by doing“, eða „að læra með því að framkvæma“, eru nokkurs konar einkunnarorð Deweys og tengjast hugmyndum hans um uppeldisfræði. Hann taldi að lærdómur hefði ekki aðeins þann tilgang að taka á móti áreiti og fræðslu heldur væri það reynslan af því að framkvæma sem leiddi til meiri skilnings á viðfangsefninu. Samkvæmt Dewey á uppeldið að leiða barnið að þeim markmiðum að það læri og uppgötví af eigin athöfnum.

Í bókinni *Uppeldi* eftir Guðrúnu Friðgeirsdóttur og Margréti Jónsdóttur er reynslu og námi í anda Dewey lýst með eftirfarandi hætti:

Reynslan af því að framkvæma leiðir til dýpri skilnings. Sem dæmi má taka að þegar að við heyrum einhvern tón nemum við hann með skynjun okkar. Ef við hins vegar sláum tóninn, blásum hann eða grípum um streng, þá höfum við ekki aðeins fengið skynjun eyrans heldur höfum við jafnframt framkvæmt eitthvað sem skilur eftir reynslu. Með því að nota fleiri skynfæri skiljum við og skynjum tóninn betur og á nýjan hátt (Guðrún Friðgeirsdóttir og Margrét Jónsdóttir, 2005, bls. 40).

Í huga Deweys áttu skólar að bjóða upp á reynslu fyrir börn óháð uppruna eða félagslegri stöðu (Edelstein, 2010; Myhre, 2001, bls. 174). Hugmyndir Deweys um menntun í skólum snerust um að gera dagleg viðfangsefni að því námi sem nemendur stunduðu í skólanum. Markmið námsins var að skapa tilfinningar hjá börnum þannig að það sem þau lærðu í skólanum kæmi að notum í lífinu sjálfu. Dewey vildi útrýma þeirri hugsun að í skólanum ættu börn að læra en fyrir utan hann ættu þau að lifa.

Verkleg viðfangsefni voru efst í huga Deweys. Hann taldi að í skólanum ættu viðfangsefnin ekki að vera takmörkuð við ákveðnar námsgreinar heldur væri æskilegt að þau að tengdust með eðlilegum hætti allri skólaveru barnsins. Lýðræði var Dewey hugleikið en hann taldi að það væri lífssýn þar sem einstaklingar veldu að vinna í samvinnu við annað fólk í skólanum. Samkvæmt Dewey átti skólastarfið að einskorðast við barnið sjálft, þarfir þess og áhuga. Hann taldi að skólahald væri nauðsynlegt þar sem börn fengju tækifæri til að þróa hæfileika sína í samfélagi við fólk og fjölbreytileg viðfangsefni. Einnig áleit hann það mikilvægara að barn aflaði sér þekkingar sem það teldi sig sjálft þarfnast en að það viðaði að sér þekkingu sem hefði engan tilgang fyrir það sjálft. Samkvæmt Dewey var ekki æskilegt að allir nemendur lærðu sömu viðfangsefni á sama tíma. Hann taldi auk þess að hlutverk skólana væri að vera brú milli barns og þess samfélag sem það lifði í (Guðrún Friðgeirsdóttir og Margrét Jónsdóttir, 2005, bls. 40–41).

Dewey taldi óraunhæft að ætlast til þess að nemendur lærðu með því að leggja námsefnið á minnið heldur ættu þeir að læra af hugmyndum, tilgátum og tilraunum. Hann taldi það ekki réttan mælikvarða á þekkingu að einblína á afurðina. Dewey lagði mikla áherslu á ímyndunaraflíð og sagði að kennsla væri ákveðin list (Dewey, 2000, bls. 7). Hugmyndir hans um kennslu voru á þá leið að kennarar ættu að einbeita sér að verkum fremur en að láta nemendur læra af bókum. Hann hélt því fram að þekking kæmi úr bókum en kennsla kæmi frá þeirri þekkingu sem fyrir er, það er að einstaklingurinn lærði af eigin reynslu. Enn fremur taldi hann að rannsóknir væru sýnilegt hegðunarferli sem væri eins náttúrulegt og að tryggja (Margerison, 2005, bls. 5).

Dewey gagnrýndi skóla fyrir að taka ekki nægilegt tillit til séreðlis barna og skapa hvorki námsaðstæður né tækifæri til þess að auka reynslu nemenda og getu þeirra til þess að vaxa og þroskast. Hugmyndir hans um barnseðlið voru á þá leið að börnum væru áskapaðar *hvatir* og *atferlishneigðir*. Eftirfarandi hvatir taldi Dewey vera ónotaða möguleika barnsins:

- **Félagshvöt** (e. The interest in conversation and communication).
- **Rannsóknarhvöt** (e. The interest in inquiry or finding out things).
- **Sköpunarhvöt** (e. The interest in making things or construction).
- **Listhvöt** (e. The interest in artistic expression).

Hvatir átti að virkja með því að haga aðstæðum þannig að umhverfið byði barninu upp á heillandi viðfangsefni sem það reyndi sjálft að leysa (Myhre, 2001, bls. 174). Lausnamiðað nám kemur úr smiðju Deweys en einn þáttur í því er að skapa náttúrulegar aðstæður með áhugaverðum viðfangsefnum. Nemendur afla upplýsinga svo þeir geti tekist á við vandann með skynsamlegum hætti. Tillögur nemenda verða að fara saman af kostgæfni og ábyrgð og til þess að sanna tilgátuna fá nemendur tækifæri til að kanna hana og komast að því hvort hún sé haldbær (Myhre, 2001, bls. 174–175).

2.2 Howard Gardner (1943)

Höfundur fjölgreindarkenningarinnar, Howard Gardner, telur að mannlegri greind megi skipta í mörg svið og að hver greind þroskist með sínum hætti. Gardner telur að listum sé ekki gert hátt undir höfði í hugrænni sálfræði og hefur því sett sér það markmið að skapa listum verðugan sess á því sviði. Samkvæmt Gardner er mannshugurinn deildaskiptur þar sem hæfileikar mannsins koma fram í ólíkum táknerfum.

Í **málgreind** felst hæfileikinn til þess að tjá sig með munnlegum og skrifuðum orðum. Einstaklingar sem hafa sterka málgreind eiga auðvelt með að tileinka sér tungumál og skilja upplýsingar sem settar eru fram með tungumáli. Hljóðkerfi og stafróf eru táknerfi sem málgreindin byggist upp á. Hæfnina til að tjá sig með skáldlegum hætti má rekja til málgreindar og þeir sem teljast málgreindir eru til dæmis rithöfundar, stjórnámálamenn og lögfræðingar.

Rök- og stærðfræðigreind vísar til hæfileikans til þess að takast á við sértækar þrautir sem byggðar eru á stærðfræði eða rökfræði. Þeir sem búa yfir rök- og stærðfræðigreind eru stærðfræðingar, endurskoðendur og tölfraðingar.

Þeir einstaklingar sem búa að mikilli **rýmisgreind** hafa hæfni til að átta sig á uppröðun hluta ásamt því að geta skynjað þrívíðan heim með nákvæmum hætti. Rýmisgreind vísar til hæfileikans til að framkvæma og hugsa tilraunir með rými og röðun hluta. Rýmisgreind má finna hjá fólki sem vinnur við listsköpun, arkitektúr eða íþróttir.

Fólk með mikla **hreyfigreind** býr yfir færni til að stjórna eigin líkama. Einstaklingar beita líkamanum meðal annars til að handfjatla hluti og tjá hugmyndir og tilfinningar.

Leikarar, dansarar og íþróttafólk eru meðal þeirra sem teljast með góða hreyfigreind, sem og þeir sem vinna verk með höndunum líkt og myndhöggvarar, iðnaðarmenn og skurðlæknar. Samkvæmt Gardner er dans æðsta tjáningarform hreyfigreindarinnar og hann má finna í ólíkum menningarheimum.

Til **tónlistargreindar** telst hæfnin til að skynja, aðgreina og ummynda tónlist. Getan til að túlka og flytja tónlist og njóta hennar á einnig uppruna sinn í tónlistargreind. Þeir sem nota tónlistargreind í sínum daglegu störfum eru meðal annars tónskáld og flytjendur.

Samskiptagreind er hæfnin til að skilja áætlanir, áhuga og óskir fólks. Sá sem er með ríka samskiptagreind á auðvelt með að lesa í umhverfið, skilja látbrigði fólks og tilfinningar og hefur góða færni til þess að vinna með öðrum.

Þeir sem teljast með ríka **náttúrugreind** eru þeir sem eru færir í að flokka náttúruleg fyrirbæri úr jurta- og dýraríkinu. Fólk sem hefur ríka náttúrugreind vinnur oft með og í náttúrunni líkt og bændur eða veðurfræðingar.

Einstaklingar sem hafa ríka **sjálfsþekkingargreind** búa yfir hæfileikum til að skilja sjálfan sig og þekkja eigin tilfinningar og langanir og hafa sterka sjálfsmynd. Sálfræðingar og þeir aðilar sem vinna á trúarlegum grundvelli eru oft með góða sjálfsþekkingargreind.

Samkvæmt Gardner eru ekki miklar líkur á að tveir einstaklingar mælist með nákvæmlega eins greind og oftast mælast áhugasvið missterk hjá fólki. Gardner telur að rekja megi slakan námsárangur barna til vangetu menntastofnana og þess að þær taki ekki nægilega mikið mark á ólíkum greindarsviðum heldur geri ráð fyrir að allir hafi sömu getu og áhugasvið. Kenning Gardners styður þá kenningu að í mannum finnist fjölbreytilegir vitsmunir og einstaklingsmiðuð geta, sem og að það sé réttur mannsins að komið sé til móts við ólíkar þarfir hans í námi (Aldís Unnur Guðmundsdóttir, 2007, bls. 177–180).

2.3 Rudolf Steiner (1861–1925)

Uppeldisfræði Steiners á rætur að rekja til mannspekilegrar heimspeki og lífskoðana hans. Mannspekin (e. Humanism) var hugsuð sem aðferð til þess að kanna það sem ekki var ljóst í raunveruleikanum og kynnast eðli mannsins. Markmið aðferðarinnar var að þroska dulda orku sem byggir innra með hverjum manni. Samkvæmt Steiner er

unnt að þroska þessa þætti með einbeitingu og íhugun. Hugmyndir Steiners um uppeldi byggjast á því að leggja áherslu á umhverfi sem hefur örvandi áhrif á listfengi og starfsvit einstaklingsins. Hreyfilist er ríkjandi í skólum sem vinna í takt við hugmyndir Steiners en þar er leitast við að samræma takt líkamans við hreyfingu og skynjun. Samkvæmt Steiner ganga allir einstaklingar sömu þroskabrautina og því ættu allir skólar að vera próflausir og án einkunna. Sýn Steiners á skólahald var sú að skólinn ætti að vera með félagslegri stjórn og í góðum samskiptum við foreldra (Myhre, 2001, bls. 186–188).

Waldorfskólinn

Steiner stofnaði Waldorfskólann í því skyni að mennta alla þætti barnsins: *höfuð, hjarta og hendur*. Hann taldi að þegar barnið áttaði sig á því sem það hefði lært með eigin upplifun yrði það áhugasamt og lifandi. Waldorfskólar eru hannaðir til þess að fóstora nám með þessum hætti. Á grunnskólaaldri eru börn fús til þess að kanna heiminn samkvæmt eigin áhuga og ímyndun. Hlutverk kennarans er að umbreyta öllu því sem barnið þarf að vita um heiminn í tungumál ímyndunaraflsins.

Samkvæmt Steiner er öll sú hagnýta vinna sem finnst í heiminum matur og drykkur barnssálarinnar. Skóladagur í Waldorfbekk byrjar á löngu kraftmiklu ljóði sem tengist tungumálakennslu. Nemendur þjálfast í einbeitingu í gegnum hreyfingu. Við lok skóladagsins skrá nemendur niður það sem þeir hafa lært yfir daginn. Þær kennslustundir sem eru kenndar eftir hádegi eru tileinkaðar virkni barnsins, *Eurythmy* (hreyfilist með dansi, tónlist og máli), handavinna, listir eða leikfimi. Bekkjarkennarar fylgja sínum bekk eftir í gegnum grunnskólann. Með þessu fyrirkomulagi verða kennarar og nemendur nánir og kennarinn er í góðum samskiptum við foreldra og er tengiliður þeirra við skólann.

Listir og hagnýt færni þjóna mikilvægu hlutverki í öllu skólastarfi í Waldorfskólum. Listir eru ekki álitnar munaður heldur eru þær grundvöllur fyrir mannlegum vexti og auknum þroska. Kennarar í Waldorfskólum telja að einstaklingurinn sé ekki eingöngu starfsemi heilans heldur manneskja sem hefur hjarta og útlími; manneskja með vilja, tilfinningar og gáfur (Barnes, 1991).

2.4 Elliot W. Eisner (1933)

Menntunarfræðingurinn og listamaðurinn Elliot W. Eisner álitur að sköpun og listgreinar séu mikilvægar í skólasterfi. Hann telur að listir og sköpun auki gæði námsins og að þær geti vakið áhuga og skilning einstaklingsins á því sem hann nemur. Eisner telur að listir hjálpi nemendum að skynja umhverfi sitt. Samkvæmt Eisner tengjast hugmyndir um kennslu, skipulag skóla, kennslufræði og kennsluáðferðir sterkum böndum og að mikilvægt sé fyrir alla að reyna að skilja þessi tengsl. Hugmyndir Eisners um nám taka mið af því að flétta saman listgreinar og almennt nám og færa þannig bóknámið í áttina að þeirri kennslufræði sem liggur að baki kennslu í listgreinum. Eisner hefur velt fyrir sér hvað almenn menntun geti lært af listum sem kemur að gagni í almennri kennslu (Eisner, 2005, bls. 1–6).

Eisner telur að kennarar eigi að hætta að keppast við að fá rétt svör frá nemendum sínum; svör sem eiga uppruna sinn í námsbókum, námskrá eða hjá kennaranum sjálfum. Samkvæmt Eisner á nám að vera sett fram á sem fjölbreytilegastan máta og í námi eiga ekki allir nemendur að vera sammála um niðurstöður verkefna (Eisner, 2002, bls. 200–208).

Eisner telur að þau markmið sem felast í nútímakennslu leiði alla nemendur á sama stað þar sem allir nemendur komist að sömu niðurstöðu á nákvæmlega sama tímapunkti. Samkvæmt Eisner er hlutverk kennarans að vinna að því að hvetja nemendur til þess að finna lausnir og gefa þeim tíma til þess að finna leiðir og niðurstöður. Eisner telur að kennarar eigi að þjálfa nemendur í aðferðum sem vísindamenn nota við vinnu sína; að kennarar eigi að rækta með nemendum sínum vísýni og þrautseigju til að finna leiðir að lausnum. Hann álitur að í skapandi ferli þurfi listamaðurinn stöðugt að íhuga orsakir og afleiðingar og vinna ekki ósvipað og vísindamenn gera en þeir setja fram tilgátur, rannsaka, gera tilraunir og fá niðurstöður úr rannsókn sinni. Í raun vinna listamenn og vísindamenn á svipaðan hátt þar sem þeir byggja vinnu sína á mörgum möguleikum, setja fram tilgátur og prófa ólíkar leiðir í átt að niðurstöðum, segir Eisner (Eisner, 2002, bls. 196–200).

Í huga Eisners eru listir tækifæri mannsins til þess að vinna með tilfinningar og upplifanir. Með listum lærir einstaklingurinn að sjá það sem áður hefur verið dulið og upplifa tilfinningar sem áður hafa verið ókannaðar, ásamt því að listir bjóða upp á einstök tækifæri til þess að upplifa og læra (Eisner, 2002, bls. 11–12).

Samantekt

Dewey taldi að einstaklingurinn lærði með því að framkvæma. Hann aðhylltist verkhyggju og taldi að manneskjan byggji yfir ákveðnu hegðunarmynstri, sem og að reynslan af því að framkvæma leiddi til aukins skilnings einstaklingsins á viðfangsefninu. Hugmyndir Deweys um skólalagd eru á þá leið að námsefnið sé lífið sjálft og það sem börn læri í skólanum sé það sem komi að notum síðar í lífinu. Samkvæmt Dewey á skólalagd að taka mið af áhuga og þörfum barna og bjóða upp á fjölbreytileg viðfangsefni. Hann taldi að kennarar ættu að einbeita sér að verkum fremur en að láta bækur ráða námi barna.

Gardner telur að mannlegri greind megi skipta í mörg svið. Hann álítur að menn hafi ólíkar greindir og áhugasvið og að menntastofnanir taki ekki nægilegt mark á því en geri ráð fyrir að allir hafi sömu getu og áhugasvið. Enn fremur telur Gardner að réttur mannsins sé að komið sé til móts við ólíkar þarfir hans.

Steiner taldi að umhverfið hefði áhrif á listfengi og starfsvit einstaklinga. Samkvæmt Steiner eiga allir skólar að vera próflausir og án einkunna vegna þess að allir ganga sömu þroskabrautina. Hann áleit að skólar ættu að mennta alla þætti barnsins sem eru höfuð, hjarta og hendur og að á grunnskólaaldri væru börn fús til að kanna heiminn samkvæmt eigin áhuga og ímyndun. Líkt og Dewey taldi Steiner að það sem fyndist í hversdagslífinu væri nám sem nærði barnið og bætti við þekkingu þess.

Eisner telur að sköpun og listgreinar séu mikilvægar í skólastarf og að auka megi gæði náms með listum og sköpun. Hugmyndir Eisners um nám taka mið af því að flétta listgreinar saman við almennt nám og að skólar hagræði námi í þá átt að nemendur hafi frelsi til að kanna og komast að ólíkum niðurstöðum. Samkvæmt honum er það hlutverk kennarans að hvetja nemendur til þess að finna lausnir og leiðir að niðurstöðum. Hann telur enn fremur að listir séu tækifæri mannsins til þess að vinna með tilfinningar og upplifanir.

3. Grunnþættir menntunar

Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnréttindi og sköpun eru grunnþættir nýrrar menntastefnu á Íslandi. Þessir sex grunnþættir birtast í nýjum námskrám leik- grunn- og framhaldskóla og markmiðið með þeim er að börn

og ungmenni læri að lesa samfélagið, menningu, umhverfi og náttúru á sem áhrifaríkastan hátt. Hlutverk grunnþáttanna er að búa nemendur undir lífið og gera þá færa um að taka þátt í samfélaginu og starfa með fólki. Í grunnþáttum menntunar er lögð áhersla á framtíðarsýn og getu einstaklinga til að hafa áhrif og þrek til að móta framtíðarsýn samfélagsins. Grunnþættir menntunar eru samfélagsmiðaðir og stuðla að auknu jafnrétti og lýðræði. Þeir stuðla einnig að góðri menntun og heilbrigði einstaklinga ásamt samfellu í skólastarfi og eiga að endurspeglar starfshætti skólanna og heildarsýn þeirra (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 16). Hlutverk grunnþáttanna er einnig að styrkja þekkingu, leikni og viðhorf einstaklinga svo þeir geti tekið þátt í lýðræðislegu samfélagi þar sem jafnréttindi eru höfð að leiðarljósi (Katrín Jakobsdóttir, 2012, bls. 3).

Í nútímanum nær hugtakið *læsi* ekki einungis yfir skilning á rituðum táknum heldur einnig mismunandi túlkanir einstaklinga á því sem þeir lesa en ástæðan fyrir mismunandi túlkunum er ólíkur bakgrunnur og reynsla fólks. Núorðið vinnur fólk með tölvur og ólíka miðla og myndmál og í samræmi við þær samfélagsbreytingar sem hafa orðið hafa ýmis heiti orðið til sem teljast til læsis, svo sem stafrænt læsi og miðlalæsi. Hugtakið miðlamennt flokkast enn fremur undir læsi en markmiðið með kennslu í miðlamennt er að virkja nemendur í að hafa áhrif á menningu og lýðræði og að nemendur öðlist þjálfun í að leggja mat á efni sem áður hefur verið miðlað. Einnig er lögð áhersla á að nemendur bæti við þekkingarsköpun sína og efnisgerð (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 18–19).

Allir grunnþættirnir sex tengjast að einhverju leyti og mynda heildarsýn á nám og kennslu. Þegar sjálfbærni og sjálfbær þróun er könnuð kemur í ljós að menntun í sjálfbærni stuðlar að því að fólk geti tekist á við verkefni sem falla undir samspil umhverfis, félagslegra þátta og efnahagslegrar þróunar í samfélaginu (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 19). Hugtökin sjálfbærni og sjálfbær þróun fela í sér að við hugsum til afkomenda okkar og skilum ekki umhverfinu í verra ástandi en við tókum við því. Einnig er hugsunin sú að skerða ekki möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum.

Málshátturinn „margt smátt gerir eitt stórt“ á vel við þá áherslu sem lögð er á að vinna að sjálfbærri þróun og sjálfbærni í skólakerfinu. Þar er ekki beðið eftir einni stórri breytingu heldur er unnið með margar litlar breytingar sem munu hafa mikil

áhrif á framtíðina. Í sjálfbærri þróun verða nemendur að hafa skilning á umhverfinu og náttúrunni í kringum þá, sem og á takmörkum, ferlum, lögmálum og hringrás náttúrunnar. Virðing og skilningur á náttúrunni eru formerki þess að sjálfbær þróun geti átt sér stað (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 20).

Sjálfbær þróun og sjálfbærni nær einnig til jafnréttis og lýðræðis. Markmið sjálfbærrar þróunar og sjálfbærni eru meðal annars fólgin í að tryggja jöfnuð á meðal fólks ásamt því að viðhalda lýðræðislegum vinnubrögðum. Samkvæmt sjálfbærri þróun á hver einstaklingur að njóta sín í samfélagi sem gerir ekki greinarmun á menningu eða ólíkum hópum. Með þessi markmið að leiðarljósi er unnið að því að auka jafnrétti og vinna að friði og bættem lífsskilyrðum og lífsgæðum fólks í heiminum. Forsendur sjálfbærrar þróunar eru þær að fólk láti sér annt um velferð annarra og stuðli að bættem líf skjörum jarðarbúa (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 20).

Kennsla í lýðræði og mannréttindum þjálfa einstaklinga í að hafa áhrif á mótun samfélagsins og taka afstöðu til siðferðislegra álitamála. Að mennta nemendur í lýðræði og mannréttindum býr einstaklinga undir að taka afstöðu til ólíkra málefna. Í lýðræðislegu þjóðfélagi er gerð krafa um að allir þegnar njóti gildandi mannréttinda og hafi vægi við úrlausn á mismunandi málefnum. Samkvæmt aðalnámskrá er forsenda lýðræðis samábyrgð, meðvitund og virkni allra í samfélaginu, sem stuðlar að því að einstaklingar verði betur í stakk búnir til þess að móta samfélag sitt og hafa áhrif á umheiminn. Markmið skóla er að mennta nemendur í lýðræðislegu samfélagi, virkja framtíðarsýn þeirra og gagnrýna hugsun. Vinna í lýðræðislegum hugsunarháttum er ætluð öllum námsgreinum þar sem fræðsla um lýðræði og mannréttindi ásamt umhyggju fyrir manneskjum, umhverfi og dýrum er höfð að leiðarljósi. Samkvæmt aðalnámskrá eiga skólar að vinna að lýðræði í námi þar sem viðfangsefni og aðferðir eiga að taka mið af áhugasviði nemenda. Markmið lýðræðis- og mannréttindamenntunar er að þjálfa nemendur í gagnrýnni hugsun og ígrundun um grunnildi þjóðfélagsins (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 21).

Ætlunarverk jafnréttismenntunar er að skapa jöfn tækifæri fyrir alla einstaklinga til ná þroska og rækta hæfileika sína. Jafnréttismenntun stuðlar að því að einstaklingar lifi í samfélagi sem starfar í friði og umburðarlyndi og þar sem ríkir víðsýni og jafnrétti. Menntun í jafnrétti er ætlað að þjálfa nemendur í að koma auga á mismunun og forréttindi í þjóðfélaginu. Jafnrétti er vítt hugtak sem nær til ólíkra einstaklinga og

hópa en meðal þeirra breyta sem teknar eru til skoðunar eru aldur, búseta og fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 22).

Þeir þættir sem hafa áhrif á heilbrigði og velferð eru einstaklingurinn sjálfur, aðstæður og umhverfi sem hefur áhrif á andlega, líkamlega og félagslega vellíðan. Íslensk börn verja löngum tíma í skólum og nauðsynlegt er að skólastarf vinni markvisst að því að efla heilbrigði einstaklingsins. Skólar sem leggja áherslu á að kenna nemendum mikilvægi daglegrar hreyfingar og fjölbreytts fæðuvals leggja grunninn að ævilöngu heilbrigði. Mikilvægt er að skólar taki mið af líkamlegu atgervi og gefi öllum í skólasamfélaginu tækifæri til að njóta styrkleika sinna til þess að byggja upp jákvæða sjálfsmynd. Mikilvægt er að tekið sé tillit til líkamlegrar og andlegrar vellíðunar þegar hugað er að því að auka námsárangur nemenda. Starfsfólk skóla er fyrirmynd barna og nauðsynlegt er að allir vinni saman að betra heilbrigði og líðan í skólanum (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 23).

Sköpun er ein af grunnþáttunum sex og samofin lífinu og þeim störfum sem við vinnum daglega; lausnir eru afrakstur sköpunar. Margar og mismunandi hugsanir vakna í hugarheimi einstaklinga sem vinna skapandi starf. Þær eru oft ómeðvitaðar og byggjast að jafnaði á innsæi, flæði, óreiðu og ímyndunarafli. Hugtakið sköpun er víðfeðmt og nær til listsköpunar barna, nýsköpunar, vísinda og lista (Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson, 2012, bls. 7).

Löngunin til að skapa er meðfædd og tengist forvitni og þrá til þess að láta athafnir verða að veruleika. Hugmyndir manna um hvað sköpun sé eru meðal annars á þá leið að í því felist að hanna frumlegar nýjungar sem byggðar eru á hugmyndum og athöfnum einstaklinga (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 24). Í sköpun felst meðal annars að framkvæma tilraunir og kanna heiminn með ólíkum aðferðum. Það sem er skapað þarf að hafa ákveðið gildi og þjóna tilgangi fyrir menn, nánasta umhverfi og samfélagið (Ingibjörg Jóhannsdóttir o.fl., 2012, bls. 18, 22). Hér á eftir verður fjallað um sköpun sem tengist listum og áhrifum þeirra á nám og líðan fólks.

Samantekt

Hér að framan var fjallað um grunnþætti menntunar og hvernig þeir tengjast og mynda heildarsýn á nám. Læsi, sjálfbærni og sjálfbær þróun, heilbrigði og velferð,

Lýðræði og mannréttindi, jafnréttindi og sköpun eru grunnþættir menntunar. Markmið þeirra er að gera einstaklinga færa um að lesa samfélagið, menningu, umhverfi og náttúru. Hlutverk þeirra er að búa nemendur undir lífið og móta þá með þeim hætti að þeir verði sterkir einstaklingar með framtíðarsýn samfélagsins í huga sér. Grunnþættirnir hafa áhrif á starfshætti og heildarsýn skólanna og stuðla að jafnrétti og lýðræðislegu samfélagi

4. Hvers vegna sköpun?

Samkvæmt Svönu Helen Björnsdóttur, formanni Samtaka iðnaðarins, geta um 1.400 íslensk fyrirtæki ekki stækkað vegna skorts á starfsfólki. Ekki er aðeins skortur á iðn- og verkmenntuðu fólki heldur einnig fólki sem hefur menntun á sviði tækni- og raunvísinda. Vandamálið er að það fólk sem á þarf að halda á vinnumarkaðnum er ekki til og mun að öllum líkindum ekki útskrifast úr menntakerfinu á næstunni. Svana telur að breyta þurfi langtímahugsun og vekja áhuga barna og unglinga á iðn- og raunvísindum og tækninámi. Hún telur að hugsanlega þurfi að endurhugsa menntun kennara og að ljóst sé að það muni standa okkur fyrir þrifum næstu áratugi og kynslóðir ef við gerum það ekki (Svana Helen Björnsdóttir, 2013).

Í nútímalausnum felst meðal annars að virkja fólk til þess að nota sköpun og þekkingu til að vinna skapandi og góð verkefni sem hafa áhrif á samfélagið og þróun þess. Hlutverk skóla er að efla sköpun og gagnrýna hugsun nemenda og aðstoða þá við að þroska vitsmuna- og félagslega færni svo þeir öðlist þor og þrek til þess að móta framtíðina.

Í nýrri aðalnámskrá er lögð áhersla á að mennta nemendur þannig að þeir verði seinna meir starfsfólkið sem Svana Helen Björnsdóttir telur að vanti á vinnumarkaðinn en samkvæmt aðalnámskrá skal gæta þess að jafnvægi sé á milli bóklegs og verklegs náms. Einnig er lögð áhersla á að hugur og hönd hafi mikilvægu hlutverki að gegna í þroskaferli nemandans. Í aðalnámskránni segir að gæta þurfi þess að ekki halli á verklegt nám við skipulagningu skólastarfs (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 38). Áhrifa sköpunar gætir víða í samfélaginu en hugmyndir sem liggja að baki því að hanna og reisa hús eru til dæmis komnar frá framsæknu og skapandi fólki. Í úttekt Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) á hagrænum áhrifum skapandi greina á Íslandi kom í ljós að

verðmætasköpun er mikil í þeim greinum sem vinna að og með sköpun. Þessar greinar skila meiri tekjum til ríkisjóðs en landbúnaður og fiskvinnsla samanlagt (Ingibjörg Jóhannsdóttir, o.fl., 2012, bls. 16). Þetta sýnir að sköpun er arðbær grein sem skólar og samfélagið ættu að virða og hvetja til frekari dáða. Með hugverkum og framsæknum lausnum verður til samfélag sem á rætur að rekja til skapandi fólks (Ingibjörg Jóhannsdóttir o.fl., 2012, bls. 11–12).

Mikilvægt er að halda menningu á lofti og að ólíkt fólk af ólíkum uppruna taki þátt í að móta hana. Listir hjálpa fólki að skilja ólíka menningu og eiga þátt í að gera hana sýnilega í samfélaginu. Ólíkar listir aðstoða einstaklinga við að skilja hver annan en samkvæmt grunnþáttum menntunar eiga skólar að stuðla að því að nemendur öðlist tækifæri til þess að vinna með lýðræðislega hugsunarhætti og jafnframt fá fræðslu um lýðræði og mannréttindi (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 22). Sköpun er máttug og getur þjónað því hlutverki að vera stjórnþæki sem minnihlutahópar geta notað til þess að ná fram markmiðum. Í sköpun gefst tækifæri til þess að hanna verkefni sem vinna að auknu jafnrétti og þannig fléttast saman þrjár grunnstoðir menntunar: jafnrétti, lýðræði og sköpun. Listir og menning endurspeglar þjóðfélagið og stuðla að aukinni sjálfsþekkingu einstaklingsins (Ingibjörg Jóhannsdóttir o.fl., 2012, bls. 11–12).

Einstaklingum á Íslandi sem hafa annað móðurmál en íslensku hefur fjölgað á síðastliðnum áratugum. Hlutfall barna sem hafa erlent móðurmál er um fimmtungur allra barna í íslenska skólakerfinu. Mikilvægt er að menntastofnanir vinni að því að koma á skapandi og fjölbreyttu starfi til þess að koma til móts við þarfir þessara einstaklinga með það markmið í huga að víkka sjóndeildarhring og virkja krafta allra í skólasamfélaginu og stuðla að betra lærdómssamfélagi sem vinnur að og virðir réttindi og skoðanir fólks (Ingibjörg Jóhannsdóttir o.fl., 2012, bls. 16).

Sú krafa er gerð til menntunar að börn geti í framtíðinni unnið ákveðin störf í þjóðfélaginu. Þau verja stórum hluta ævinnar í skólakerfinu í því skyni að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til þeirra. Þjóðfélagið ætlar barninu að verða aflögufært og aðlagður þjóðfélagsþegn. Lowenfeld og Brittain ígrunduðu hvort menntakerfið hafi sett fram kröfur sem eru ofar mannlegum gildum og látið efnislega hluti ráða námi barna en ekki viðurkennt hin raunverulegu gildi sem eru einstaklingurinn sjálfur. Próf eru lögð fyrir til þess að kanna þekkingu barna á ákveðnum viðfangsefnum sem

kennarinn hefur kennt. Verðlaun eru veitt fyrir ritgerðir og rétt svör en yfirleitt er lítið gert til að virkja börnin í að finna sjálf verðlaunin í lærdómsferlinu, það er finna ánægjuna sem vaknar við að leysa viðfangsefni af ólíku tagi (Lowenfeld og Brittain, 1987, bls. 16).

Mögulega útskrifast börn úr skólum með skammtíma þekkingu á því námsefni sem kennarinn lagði áherslu á og barnið lagði á minnið. Nám getur verið flókið ferli og til eru margar kennsluaðferðir til þess að mæta þörfum barna. Því miður hafa kennarar tilhneigingu til að kenna á þann hátt að predikar námsefni yfir nemendum og einungis er lögð áhersla á að kenna sem mest í von um að nemendur nái að leggja sem stærstan hluta af námsefninu á minnið. Samkvæmt Lowenfeld og Brittain ættu skólar að leggja ríkari áherslu á uppgötvunarnám þar sem lögð er áhersla á að barnið læri með eigin skynfærum: snertingu, heyrn, lykt og bragði. Skynfærin auðvelda börnum að komast í betra samband við umhverfið (Lowenfeld og Brittain, 1987, bls. 2–5).

Í heildstæðri menntun er áhersla lögð á að rækta og viðhalda jafnvægi einstaklingsins hvað varðar líkamlega skynjun, tilfinningalega, andlega, siðferðislega og félagslega þætti. Í heildstæðri menntun felst til dæmis möguleiki fyrir kennara að vinna með sjónlistir í bland við trúarbragðafræði þar sem nemendur ræða um viðfangsefnið, rækta með sér samhug og átta sig betur á tilganginum með samskiptum sínum við lifandi verur og læra að bera ábyrgð á velferð annarra og umhverfisins (Campbell, 2011, bls. 18–23).

Hvers vegna ættu skólar að vinna með sköpun í skólastarfi? Skapandi hugur er nauðsynlegur í öllum greinum samfélagsins og á honum byggjum við tilveru okkar. Allir einstaklingar sem vinna við krefjandi viðfangsefni fara út fyrir þægindarammann og nota eigið innsæi og ímyndun til þess að leysa verkefni.

Mikilvægt er að skólar vinni að því að þjálfa nemendur í skapandi hugsunum og gagnrýnum vinnubrögðum svo þeir geti leyst ólík og krefjandi verkefni í framtíðinni. Í ritinu *Sköpun* (2012), sem er hluti af ritröð um grunnþætti menntunar, er greint frá viðamikilli rannsókn sem gerð var á Evrópuári sköpunar og nýsköpunar. Rannsóknin skýrir frá viðhorfum þúsunda kennara í 32 löndum. Þeir voru spurðir áhlits á sköpun og námi og í ljós kom að þeir töldu að sköpun ætti að vera einn af grunnþáttum menntunar. Einnig töldu kennararnir að allir nemendur væru skapandi einstaklingar

og að sköpun væri ekki sérstök náðargáfa heldur byggju allir menn yfir færni til þess að skapa. Þeir töldu enn fremur að möguleikar væru fyrir hendi til að samþætta sköpun og aðrar námsgreinar. Rannsóknin gaf einnig til kynna að helmingur kennara teldi að sköpun gegndi mikilvægu hlutverki í skólastarfi en hefði ekki eins þýðingarmikið hlutverk og þeir vildu. Samkvæmt Ken Robinson, prófessor og ráðgjafa um sköpun í skólastafi, verða skólar að kenna nemendum um sköpun og menningu og nemendur þurfa aðstoð frá menntakerfinu til þess að þróa þá sérstöku og mikilvægu sköpunarhæfileika sem búa innra með hverjum einstaklingi (Ingibjörg Jóhannsdóttir o.fl., 2012, bls. 9–10).

Í rannsókn Barry Orecks á viðhorfum kennara gagnvart listum og notkun þeirra í kennslu kom fram að þátttakendur, sem voru 432 kennarar, töldu að þá skorti faglega þróun og að þeir væru undir stöðugum þrýstingi frá námskránni. Einnig álitu þeir að tímaleysi væri einn þáttur í því að listir hefðu ekki eins mikið vægi og bóklegar greinar í skólum. Skortur á sjálfsöryggi kennara í garð lista, ónægjandi rými og ónægur efniviður var meðal þess sem olli því að listir voru ekki notaðar sem námsleið í kennslustofunni. Rannsóknin gaf til kynna að konur notuðu listir meira í kennslu en karlar en óverulegur munur var á þeim niðurstöðum. Athuginin leiddi í ljós að kennarar töldu sig þurfa að einbeita sér í auknum mæli að eigin sköpun og listrænum hæfileikum, viðhorfum og hegðun. Enn fremur kom í ljós að kennararnir álitu að þeir yrðu að treysta meira á eigið innsæi og bregðast við eðli hvers einstaklings með sköpun og hanna umhverfi þar sem listrænt viðhorf, hegðun og tjáning fengi að blómstra (Oreck, 2004).

Samkvæmt Jóni Torfa Jónssyni er nauðsynlegt að rækta og leggja áherslu á ólíkar listir svo flestir finni eitthvað sem vekur áhuga og hvetur til áframhaldandi lærdóms, sem og að skólar vinni að því að breikka sjóndeildarhring nemenda. Viðfangsefni geta verið af ólíkum toga þar sem list er vítt hugtak sem nær meðal annars til dans, myndlistar, tónlistar og leiklistar en allir þessir þættir ættu að veita þungt í almennu skólastarfi. Mikilvægt er að þegar að nám er skipulagt sé hugað að því að það höfði til nemenda svo það verði áhugavert fyrir þann sem nemur (Jón Torfi Jónsson, 1996, bls. 13).

Á Íslandi hefur brottfall ungmenna úr framhaldskólum verið mikið og einnig hefur öryrkjum sem glíma við geðraskanir fjölgað mikið á undanförunum árum. Með auknu

vægi sköpunar í skólakerfinu bjóðast fleiri möguleikar fyrir einstaklinga að efla eigin sérstöðu ásamt því að auka skilning og efla þrótt til þess að takast á við verkefni. Í sköpunarvinnu lærir fólk að takast á við viðfangsefni í hópum þar sem markmiðið er að finna nýjar lausnir á ólíkum viðfangsefnum, til að mynda á vísinda- eða fræðasviðum (Ingibjörg Jóhannsdóttir o.fl., 2012, bls. 14).

Í gegnum sköpun getur fólk lært að takast á við erfiðleika sem ber á góma í daglegu lífi þar sem það hefur fengið tækifæri til þess að þjálfa þrautseigju og gera mistök, læra og finna leiðir til þess að bæta árangur. Til þess að ná settum markmiðum þarf jafnan margar tilraunir líkt og í því ferli þegar listamaður reynir að fullkomna verk sitt. Listir stuðla að bættri geðheilsu barna ásamt því að kenna einstaklingnum að lesa umhverfi sitt og það samfélag sem hann lifir og hrærist í (Margrét Jónsdóttir, 2005, bls. 122). Mennta- og menningarmálaráðuneyti leggur upp með að nemendur fái almenna menntun þar sem unnið er að því að auka hæfni einstaklingsins til þess að takast á við hversdagslega viðburði. Nemendur öðlast almenna menntun í skólum og einnig í lífinu sjálfu (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 13).

Samantekt

Í þessum kafla hefur verið fjallað um atriði sem undirstrika mikilvægi sköpunar í námi barna. Greint var frá þeim vanda sem tengist nútímanum og felst í skorti á starfsfólki á vinnumarkaði sem hefur iðn- eða verkmenntun eða þekkingu á sviði tækni og raunvísinda. Einnig var greint frá mikilvægi sköpunar fyrir líðan fólks og áhrif sköpunar á samfélagið. Í kaflanum var vísað í rannsóknir sem gerðar voru á viðhorfum kennara til sköpunar. Mörg rök liggja að baki því að sköpun eigi fullt erindi í námi barna og að þörfin fyrir sköpun sé raunveruleg, sem og að menntastofnanir þurfi í auknum mæli að móta stefnu sína í þá átt að gefa sköpun í námi barna aukið vægi og leggja upp með nám sem leggur áherslu á jafnvægi einstaklingsins og sköpun hans.

5. Sjálfsskilningur og sjálfsmynd

Frelsi einstaklingsins til að skapa er nauðsynlegt í daglegum störfum hans. Þeir sem hafa unnið við sköpun og þurft að skipta um starfsvettvang finna fyrir ákveðnum höftum og sakna þess jafnvel að geta ekki séð afrakstur vinnu sinnar. Maður sem hefur unnið í fjölda ára við sköpun og fer síðan að vinna í verksmiðju við ákveðið

framleiðsluferli getur fundið fyrir ákveðinni lífsgæðaskerðingu. Fyrir þennan mann er sú vinna sem hann vann áður aðeins minning um frelsi og sköpun og þegar hann skoðar verk sín eru þau í huga hans aðeins minnisvarði um það frelsi sem hann hafði áður. Því má segja að sköpun sé hluti af manningnum og hafi áhrif á sjálfsmynd hans og að án sköpunar finni hann ekki lífsfyllingu.

Samkvæmt Lowenfeld og Brittain er engin túlkun listar möguleg án sjálfsþekkingar sem bundin er við reynslu (Lowenfeld og Brittain, 1987, bls. 16).

Í rannsókn Rósu Kristínar Júlíusdóttur sem framkvæmd var árið 2003 komu fram viðhorf unglunga til myndlistar og áhrif hennar á sjálfsmynd þeirra. Þátttakendur voru á aldrinum 13 til 17 ára. Í rannsókninni kom fram að 16 af 20 þátttakendum töldu að myndlist hefði áhrif á sjálfsmynd þeirra og að sköpun myndverka hefði jákvæð áhrif á hana. Ungmennin töldu að góður árangur í sköpun yki sjálfstraust og hefði góð áhrif á mótun sjálfsmyndar. Þau töldu að hrós stuðlaði að góðum tilfinningum sem hefðu áhrif á bætta sjálfsmynd. Uppskeran sem fæst fyrir hrós fyrir myndverk er góðar tilfinningar og bætt sjálfsmynd (Rósa Kristín Júlíusdóttir, 2006, bls. 93–94).

Rósa vitnar í Bruner sem telur að menntun sé lykilatriði í mótun sjálfsins. Hann talar um tvær hliðar sjálfsmyndar sem eru fólgnar í hinum gerandi þætti (e. agency) og mati (e. evaluation). Sem gerendur skynjar fólk tilfinningar fyrir eigin færni í að stjórna eigin athöfnum. Með myndrænum frásögnum og tengingu við lífið getur fólk þróað með sér aukinn sjálfsskilning. Í því að vera gerandi felst meðal annars að búa yfir kunnáttu og verkviti. Þessir þættir leiða til velgengni einstaklingsins eða mistaka en það eru tilfinningar sem eiga hlut í að móta sjálfið. Umhverfið leggur mat á frammistöðu einstaklinga sem bregðast við og nota sjálfsmat sitt til að móta sjálfsmyndina (Rósa Kristín Júlíusdóttir, 2006, bls. 88).

Aðalnámskrá frá árinu 2011 leggur ríka áherslu á að auka sjálfsvitund nemenda þar sem unnið er að því að efla raunsæja og heilbrigða sjálfsmynd. Lagt er upp með að nemendur læri að þekkja eigin tilfinningar og öðlast trú á eigin getu og hæfileika til að takast á við fjölbreytileg viðfangsefni sem verða á vegi þeirra í daglegum athöfnum (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 37).

Samantekt

Listir hafa áhrif á sjálfskilning og þróun sjálfsmyndar eins og kom í ljós í rannsókn Rósu Kristínar Júlíusdóttur þar sem þátttakendur töldu að myndlist ætti þátt í að bæta sjálfsmynd þeirra. Bruner telur að á sjálfsmynd séu tvær hliðar, annars vegar gerandi og hins vegar mat. Sem gerandi upplifir einstaklingurinn eigin færni til að stjórna verkum en hann upplifir líka viðbrögð samfélagsins við þeim verkum sem hann hefur unnið og notar sjálfsmat sitt til þess að móta eigin sjálfsmynd.

6. Skapandi skólar

Í gegnum tíðina hefur kennsla verið bundin við miðlun á þekkingu til nemenda og markmiðin hafa einskorðast við hraða yfirferð á námsefni. Kennslan tekur ekki mið af þörfum nemenda heldur af tímaþröng kennarans og hlutverk nemandans er þá að taka við upplýsingum og leggja þær tímabundið á minnið til prófs og auka við þekkingu sína. Í stað þess að leggja þekkinguna tímabundið á minnið ættu nemendur að innleiða þekkinguna í hugsun sína og nota þá hugsun til þess að efla skilning sinn á umheiminum (Hafþór Guðjónsson, 2010).

Eins og Hafþór bendir réttilega á er eðlilegra að nemendur læri námsefnið með því að leggja þekkinguna í huga sinn og seinna meir minnst nemandinn til dæmis þess þegar að hann framkvæmdi tilraun með pappablóm og vatni. Þess konar nám auðveldar nemandanum að draga fram þá vitneskju sem hann öðlast við að framkvæma og efla skilning sinn á veröldinni, líkt og Hafþór segir. Með þessu móti leggur nemandinn allt það sem hann telur áhugavert á minnið og getur dregið fram þá vitneskju þegar honum hugnast. Hafþór gagnrýnir þá stefnu í skólamálu að aðaláherslan sé lögð á mælanlega vitneskju en ekki á nám sem byggt er upp á sjálfstæðri hugsun nemenda (Hafþór Guðjónsson, 2010).

Þær tilfinningar sem nemendur tengja við próf eru oftast en ekki kvíði og óánægja. Prófkvíði er bundin við hugsunina um að mistakast og prófið er ógnandi í huga margra. Einkenni prófkvíða geta verið mismunandi og hvort sem er líkamleg eða hugræn. Einstaklingar sem fá prófkvíða geta ályktað að þeir séu engan veginn nægilega færir til þess að taka próf og hugsunin einkennist af niðurrifi (Háskóli Íslands, 2011; Háskólinn í Reykjavík, 2013). Því má segja að til sé fólk sem kjósi

fremur að þekking þeirra sé mæld með öðrum hætti en að taka próf vegna þess kvíða sem það upplifir í tengslum við próftöku.

Í bók Ingvars Sigurgeirssonar, *Litróf kennsluaðferðanna*, er greint frá ólíku atferli í kennslu sem reynir á hæfni kennarans til að efla leikni nemenda í námi. Kennsla í list- og verkgreinum byggist að miklu leyti upp á verklegri þjálfun þar sem viðfangsefnið á að hafa menntandi áhrif á nemendur. Þegar listir og verkgreinar eru kenndar þarf umhverfið að hafa verkefnunum og skapa góðan vinnuanda og andrúmsloft. Ein af þeim kennsluaðferðum sem Ingvar nefnir í bók sinni er innlifunaraðferð og tjáning. Hún byggist á því að nemendur noti ímyndunaraflið og sjái fyrir sér ólíka hluti eða aðstæður. Markmið aðferðarinnar er meðal annars að nemendur þjálfí sig í að setja sig í spor annarra, að áhugi og virkni verði til í hugarheimi nemandans og að hann efli með sér sköpunarhæfileika.

Sjálfstæð skapandi verkefni eru kennsluhættir sem gera kröfur til nemandans um að hann vinni með sköpun í námi sínu. Viðfangsefni geta verið uppfinningar og hönnunarverkefni af ýmsum uppruna og toga. Þau auðvelda nemendum að setja sig í spor annarra líkt og innlifunaraðferðin og tjáning gera. Þegar nemendur fá tækifæri til þess að vinna að sjálfstætt skapandi viðfangsefnum geta þeir leikið sér með ímyndunaraflið og því að líkja eftir raunverulegri starfsemi á vinnumarkaðinum. Með þessum kennsluháttum reynir kennarinn að vekja áhuga og virkja nemendur til náms (Ingvar Sigurgeirsson, 1999, bls. 44–49).

Með búðarleik getur kennarinn til dæmis hjálpað nemandanum að tengja sköpun og stærðfræði saman og þannig fær nemandinn val um að læra á þann hátt sem hann telur að henti sér. Kennarinn getur gefið nemendum ákveðin hlutverk eða staðið á hliðarlínunni og fylgst með þeim þróa nám sitt. Ekki er hægt að opna verslun án þess að hafa peninga og því þurfa nemendur að hanna peninga og gera þá sýnilega öðrum. Til þess að stunda viðskipti þarf að útbúa vörur í verslunina og verðleggja þær. Með þessum hætti getur kennarinn gert námið skemmtilegt og unnið að því að sem flestir nái tókum á viðfangsefninu, sem gæti í þessu tilviki verið samlagning og frádráttur ásamt virðingu og samskiptum. Kennsluaðferðin getur því átt þátt í að þjálfa nemendur í stærðfræði, sköpun og lýðræðislegum vinnubrögðum sem og samvinnu. Öll búum við yfir hæfileika til þess að vinna með listir á mismunandi sviðum (Kristín Valsdóttir, 2009, bls. 5).

Hafa allir hæfileika til þess að skapa? Berglind Rós Magnúsdóttir segir í grein sinni „Where is the space for creativity in Icelandic society?“ að sköpun eigi að blómstra í huga fólks og leggja þurfi metnað í að næra sköpunargáfu einstaklinga með aðstoð menningar- og menntastofnana. Samkvæmt Berglindi þarf að tengja sköpun við allt nám sem fer fram innan skólanna (Berglind Rós Magnúsdóttir, 2009).

Við áreiti skapast ákveðin þekking hjá börnum og aukin kunnátta byggir á þeim lærdómi sem einstaklingurinn hefur áður öðlast. D.W. Winicott telur að í hverjum manni sé svið sem hann nefnir möguleikasvið (e. transitional phenomena). Þar er að finna virkni sköpunarhæfninnar sem býr í hverjum einstaklingi ásamt hæfileika til þess að þróa eigin verk og njóta verka sem aðrir hafa skapað. Til þess að ná þroska á möguleikasviðinu þurfa börn að njóta kennslu í öllum listgreinum. Samkvæmt Margréti Jónsdóttur eiga börn að fá að vera þátttakendur í listsköpun og hafa frelsi til þess að leika sér og skapa á eigin forsendum (Margrét Jónsdóttir, 2005, bls. 122).

Til að auka námsáhuga barna verður námið að bjóða upp á nýjar leiðir að í átt að aukinni þekkingu ásamt hugmyndum og sköpunargleði. Í sköpun felst að miðla og móta viðfangsefni, hanna og kanna nýjar leiðir til þess að auka þekkingu og bæta upplifun í reynslubankann. Að glíma við sköpun og finna lausnir á viðfangsefnum er í raun sú umbun sem einstaklingurinn fær fyrir að vera frjór og skapandi í hugsun og verki. Samkvæmt aðalnámskrá er mikilvægt að í nútímasamfélögum búi fólk yfir gagnrýnni hugsun og aðferðum og hafi kjark og þor til þess að hugsa út fyrir eigið þægindasvið í því skyni að auka eigin færni og þekkingu. Sköpun gefur einstaklingnum tækifæri til þess að reyna á innsæi sitt og gera eigin sköpun sýnilega, ásamt því að læra um mismunandi viðfangsefni. Lykilþáttur gagnrýnnar hugsunar samanstendur af læsi og sköpun einstaklinga sem hafa hugmyndir um hvernig nýta megi afrakstur sköpunarinnar til góðs og til þess að hafa áhrif á viðhorf og gildismat fólks. Sköpun er viðfangsefni sem fléttast saman við sjálfbærni og læsi (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 22).

Samkvæmt Hafþóri Guðjónssyni (2010) á skólastarf að snúast um nemendur og þarfir þeirra, gott námsumhverfi og rými til að ígrunda. Skólar þurfa að finna leiðir til þess að þroska nemendur í námi. Vestræn samfélög gera ráð fyrir að verkleg færni og geta sé bundin við það sem maðurinn hefur lært og þá helst úr námsbókum.

Rannsóknir hafa sýnt að kennarar telja að námbókin sé verkstjórnartæki og sé uppspretta alls þekkingar. Rannsókn Ingvars Sigurgeirssonar á notkun námsefnis árið 1992 sýndi fram á að námsbókin væri þungamiðja þeirrar kennslu sem fram fer í skólum á Íslandi og að kennarar fyndu til óöryggis ef þeir kenndu ekki í samræmi við námsbækurnar. Þó eru til kennarar sem fara óhefðbundnar leiðir í kennslu, vinna með eigið innsæi og þor og prófa nýjar kennsluaðferðir. Hafþór Guðjónsson segir frá kennslu sem byggist á nálgun í verki í greininni „Að vitsmunir barnanna þroskist á náminu“ sem birtist í *Netlu 31. desember 2010*. Ætlast er til að nemendur kanni hlutina á eigin forsendum og geri athugasemdir sem síðan eru gerðar að umræðuefni. Nemendum er boðið að vinna út frá athöfnum og kennarinn fléttar námsgreinar saman. Sem dæmi má nefna að það að rýna í loga og teikna hann leiðir til þess að nemendur sjá logann í öðru ljósi en áður. Þeir taka eftir því að loginn er ekki bara gulur heldur líka blár og brúnn. Með því móti verða nemendur rannsakendur sem gera tilraunir og komast að niðurstöðu. Með nútímatækni er auðvelt fyrir kennara að finna flottar myndir af kertaloga á netinu, útskýra fyrirbærið og fá nemendur til að leggja svörin á minnið til prófs en með þeirri aðferð dregur kennarinn úr tækifærum nemandans til þess að komast að raun um leyndardóma logans með eigin vinnu og þekkingu. Hafþór telur eðlilegra að nemendur fái tækifæri til þess að kanna logann sjálfir og greina hann á eigin forsendum.

Hafþór Guðjónsson heldur því fram að skólahald eigi ekki aðeins að fræða heldur gegnir það því hlutverki að mennta og þroska einstaklinga. Hafþór telur að skólastarf sé bundið af einstefnumiðlun kennarans þar sem nemendur hafa einungis það hlutverk að vera viðtakendur. Að skólar þurfi að skoða önnur verkfæri og félagslegar hugmyndir um nám og auka vægi athafna sem leiða nemendur til virkari þátttöku í skólastarfi (Hafþór Guðjónsson, 2010).

Sköpun í öllu skólastarfi eykur tækifæri til að auka sveigjanleika í námi barna þar sem þau læra með ólíkum aðferðum. Í námi sem byggir á sköpun öðlast einstaklingurinn tækifæri til þess að auka persónulegan þroska og sýna ákveðið frumkvæði í námi. Þar fær hann marga möguleika til þess að finna lausnir á viðfangsefnum en í bókum eru ekki gefnar upp margar leiðir til þess að leysa þrautirnar og oftast er ekki ein leið sýnd. Því má segja að sköpun stuðli að því að nemandinn sýni frumkvæði sem ekki er hvatt til í kennslubókum. Til þess að nemendur sýni frumkvæði í námi verða skólar að þróa skólastarfið og gera nám sem

þar sem vægi lista og verkgreina er mikið og skapandi starf hefur áhrif á mótun alls skólastarfs að veruleika (Ingibjörg Jóhannsdóttir o.fl., 2012, bls. 7).

Námsleiði í nútímanámi er staðreynd. Rannsóknir hafa sýnt að nemendur verða sér úti um menntun vegna þess að það er samfélagsleg krafa sem hvert nútímabarn stendur frammi fyrir. Wolfgang Edelstein telur að mun meiri tími fari í skólasókn en áður og að það dragi úr þeirri raunhæfu lífsreynslu sem nemendur öðlast í lífinu sjálfu og í þeim störfum sem tengjast hversdagslífinu. Skólinn miðlar óbeinni reynslu en ekki reynslu sem rekja má til leikja og starfa og telst til beinnar reynslu. Meðal annars af þessum sökum vaknar námsleiði hjá nemendum. Edelstein telur að nemendur finni enga ánægju til náms og sýna lítinn áhuga til þess að afla sé þekkingu á fyrirbærum sem tengjast viðfangsefnum (Edelstein, 2008, bls. 108).

Innri námshvöt (e. intrinsic motivation, competence motivation) er hvöt sem snertir það vitræna ferli felst í námi. Árið 1976 gerði Stefán Edelstein rannsókn á íslenskum skólabörnum undir yfirskriftinni „Er gaman í skólanum?“ Þar kom fram að í byrjun skólagöngu kæmu börn í skólann full af áhuga og forvitni til að læra en eftir fyrsta árið í skólanum byrjuðu börnin að sýna ákveðin merki um námsleiða og að verulega drægi úr ánægju í námi. Rannsóknin gefur til kynna að neikvæð reynsla dregur úr gleðinni, að nemendur finna til námsleiða. Innri námshvötin eru hvötin sem lifa lengst af innra með mannum. Hvötin blómstra fjarri bóklegu námi og aukast í námi sem býður upp á líkamleg átök, í verkefnum þar sem hagleika handar er krafist og þar sem afurðin er sýnileg við lok kennslustundar. Samkvæmt Edelstein er því hlutverk skólanna meðal annars að viðhalda námshvöt barna og leggja á borð viðfangsefni sem verðugt er að glíma við í eins náttúrulegum aðstæðum og völ er á (Edelstein, 2008, bls. 108–110).

Lýðræði er mikilvægt í öllum samfélögum og það á einnig við um skólasamfélagið en lýðræði er einn af sex grunnþáttum menntunar. Frelsi einstaklingsins til þess að leysa verkefni á eigin forsendum er einkennandi fyrir nemendur sem vinna í umhverfi sem hvetur til sköpunar. Skapandi skólastarf stuðlar að auknu lýðræði, í því hefur nemandinn vægi og getur meðal annars haft áhrif á skólastarfið, námsefnið og skipulag. Í skólastarfi sem byggt er á sköpun eru nemendur hvattir til þess að svala forvitni sinni og finna svör og niðurstöður. Samkvæmt grunnþáttum menntunar á að hvetja nemendur til þess að vinna tilraunir og læra af eigin reynslu og jafnframt af

mistöfum. Áhrif af verkum nemenda geta virkað hvetjandi á alla í skólasamfélaginu. Fjölbreytilegur efniviður ásamt ólíkum leiðum og nálgunum er einkennandi fyrir skóla sem vinna skapandi skólastarf og sækja meðal annars fróðleik sinn utan skólastofunnar í samfélagið og til náttúrunnar (Ingibjörg Jóhannsdóttir o.fl., 2012, bls. 7).

Samantekt

Í kaflanum var fjallað um hvernig skapandi skólar geta mætt þörfum nemenda. Einnig var greint frá því hvernig hugmyndir um kennslu eru bundnar við skólabókina og það sem hún predikar. Áhrif próf á nemendur og nauðsyn þess er að nemendur fái fjölbreyttar kennsluaðferðir til þess að sporna við námsleiða. Einnig var fjallað um hvernig skapandi skólastarf stuðlar að því að efla lýðræði nemenda og að skólastarf sem byggt er á sköpun hefur áhrif á allt skólasamfélagið.

7. Skapandi kennarar

Hlutverk kennarans í skólastofunni er að efla sköpun í námi barna. Góður kennari býr yfir góðu viðhorfi, þekkingu og fagvitund. Hann leiðir starfið og hvetur nemendur sína til þess að vinna að skapandi viðfangsefnum. Í kennslustofunni er hlutverk kennarans ekki einungis bundið við að miðla þekkingu heldur á hann að veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni. Kennarinn á að stuðla að því að nemendur búi yfir starfsgleði og hafi möguleika til að efla frjóa hugsun (Mennta og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 13).

Hafsteinn Karlsson greinir frá niðurstöðum eiginlegrar rannsóknar sem framkvæmd var skólaárið 2006–2007 og beindist að kennsluháttum í sex íslenskum skólum og fjórum finnskum skólum. Þátttakendur rannsóknarinnar voru 24 kennarar í níu ára bekk og efstu bekkjum grunnskóla. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að kennsla fer fram með „hefðbundnu sniði“, það er að kennarar byrja kennslustundir sínar á fyrirlestrum og við tekur vinnubókavinna. Rannsóknin greinir einnig frá breytingum sem kennarar í íslensku hafa komið á í tengslum við einstaklingsmiðað nám þar sem nemendur vinna eftir eigin námsáætlunum. Finnskir kennarar eru þó komnir lengra í að vinna með fjölbreyttar kennsluaðferðir en þeir íslensku og eru meðvitaðir um að nemendur þurfi fjölbreytni í námi. Kennarar í báðum löndum voru sammála um að námsbækurnar stýrðu kennslunni. Niðurstöðurnar gáfu enn fremur til kynna að

nemendur á Íslandi og í Finnlandi hefðu lítil áhrif á nám og störf í skólasamfélaginu (Hafsteinn Karlsson, 2009).

Mikilvægt er að kennarar grípi augnablikin þegar að þau gefast og blási í þau lífi. Þannig verða þessi augnablik á endanum að þekkingu. Trú á eigin getu og verkefni gerir kennara að góðum leiðtoga og fræðara. Við kennslu er mikilvægt að kennarar hafi trú á skapandi vinnu og búi að góðu skipulagi (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 44; Ingibjörg Jóhannsdóttir o.fl., 2012, bls. 42–43; Kristín Valsdóttir, 2009, bls. 6). Skapandi kennarar hafa mikla trú á nemendum sínum og láta sig varða um nám þeirra og framtíð. Þeir gera raunhæfar kröfur til nemenda og leita stöðugt að nýjum leiðum til kennslu, eru óhræddir við að nota ólíkar kennsluaðferðir og blanda saman námsfögum (Ingibjörg Jóhannsdóttir, o.fl., 2012, bls. 43).

Að læra list á eigin forsendum einskorðast ekki aðeins við listina sjálfa heldur geta kennarar notað list til þess að kenna ýmis viðfangsefni sem tengjast námi barna. Kennarar geta einnig kynnt listir og þau hugtök sem þeim tengjast fyrir nemendum. Í gegnum list, leik og sköpun myndast stuðningur við allar námsgreinar og aðra grunnþætti náms. Mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til þess að læra um listina á eigin forsendum og möguleika til að upplifa tónlist með eigin skynfærum. Þannig fá þau tilefni til þess að teikna hljóðfæri, hlusta á og flytja tónlist, stafa orð hljóðfærisins og kynnst ólíkum tónskáldum. Kennslu í stærðfræði þarf til að mynda ekki einungis að tengja við bóklegt nám. Kennarar geta valið að nota tónlist sem hluta af námsefni og kennslu en það að tengja margföldunartöflu við tónlist er aðferð sem frjóir kennarar gætu notað við fjölbreytta kennslu (Kristín Valsdóttir, 2009, bls. 6).

Samkvæmt Eisner er hlutverk kennarans að vekja áhuga og forvitni nemenda á námi. Hann telur að markmiðinu sé náð ef kennarinn nær að vekja athygli nemenda á viðfangsefnum; að útkoman sé ekki aðalatriði vinnuferlisins heldur áhugi nemenda. Í kennslunni sé kennarinn sá sem leiði nemendur áfram og stuðli að því að auka þroska og efla sjálfstæði þeirra. Eisner telur mikilvægt að hverjum nemanda sé mætt þar sem hann er staddur í námi sínu (Eisner, 2002, bls. 70–72).

Til þess að hlúa að skapandi tilveru mannsins þurfa kennarar að vera vel menntaðir. Þeir þurfa að búa yfir færni til að virkja mismunandi tjáningarform nemenda. Við

stofnun Listaháskóla Íslands varð til samstarfshópur sem samanstóð af kennurum og listafólki og það var samhljóma álit þeirra að listgreinakennari þurfi meðal annars að vera: „Staðfastur og jarðbundinn en búa yfir hugmyndaauðgi og frjóu ímyndunarafli. Hafa kjark til að fara út fyrir rammann og gera mistök, hafa gott úthald og taka ábyrgð.“ (Kristín Valsdóttir, 2009, bls. 6). Þegar kennaranámið er kannað er ljóst að margt er líkt með þeim áherslum sem lagðar eru þar og þeim þáttum sem Listaháskóli Íslands telur mikilvæga í námi og kennslu. Kennaranámið brýnir fyrir nemendum að finna leiðir til þess að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda ásamt því að vinna með hópum sem samstanda af ólíkum einstaklingum og þörfum þeirra. Kennaranámið miðast einnig við að virkja kennaranema til þess að leita ólíkra leiða og virkja þor þeirra til þess að taka fyrstu skrefin í að hanna og nota eigin leiðir og námsefni sem auka á ánægju og þekkingu hjá börnum (Kristín Valsdóttir, 2009, bls. 6). Það er því rétt að halda því fram að sköpun í námi barna byrji í námi kennarans. Sú þekking og þor sem dugmikill kennari aflar sér í námi sínu hefur áhrif á framvindu og sköpun þeirra nemenda sem hann á eftir að kenna.

Samantekt

Í kaflanum var fjallað um hlutverk kennarans í skólastofunni. Hann er sá sem hvetur nemendur til þess að vinna að skapandi viðfangsefnum; hann leiðir starfið og gerir það eins áhugavert og möguleiki er á fyrir nemendur sína. Hann þarf að nýta hvert tækifæri sem gefst til þess að vinna að sköpun og til þess að hann geti unnið sem leiðtogi verður hann að hafa trú á eigin getu og getu nemenda sinna. Komið var inn á þá grundvallarþætti sem gera einstakling að góðum kennara en undirstaða allra skapandi kennara er kennaranámið. Þar er grunnurinn að menntun í listsköpun barna lagður en án sköpunar í námi kennarans væri lítið um sköpun í námi væntanlegra nemenda.

8. Listir

Ekkert er eins eðlilegt og að maðurinn tjái sig með handverki, hreyfingum, leik eða tónum. Afrakstur lista má sjá víðs vegar í mannkynssögunni. Við göngum lífsins veg án þess að gera okkur grein fyrir áhrifum lista á líf okkar. Í umhverfinu má finna ýmsar listir og handverk sem oft og tíðum er áhrifavaldur í þeirri stefnu sem við tökum í lífinu. Starf- og listnám í skólum auðveldar nemendum að velja sér nám og

atvinnu út frá áhugasviði og getu. Ekki velja allir nemendur að fara í bóklegt nám að loknu grunnskólanámi heldur velja margir iðnnám eða listnám (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 140). Listir gefa einstaklingum ákveðinn sess í veröldinni og styrkir frásagnarfærni hans (Rósa Kristín Júlísdóttir, 2006, bls. 99).

Nám í listum kennir nemendum að það eru mörg ólík svör við sömu spurningunni og að til eru fleiri en ein lausn á vandamálum. Því miður telst það vera velgengi í augum kennara þegar að allir nemendur komast að einni sameiginlegri niðurstöðu eða verða sammála um eitt gott svar út frá námsbók. Markmið kennslunnar er því oftast en ekki að fá sem flesta nemendur á sama áfangastaðinn í kennslustundinni (Eisner, 2002, bls. 196). Listir kenna börnum að það sem þau hafa að segja skiptir máli og að svör við spurningum og lausnum þurfa ekki endilega að vera samhljóma. Svör geta verið mismunandi og komið úr ólíkum áttum. Í listum eru margar túlkanir á verkum mögulegar því það sem einum finnst vera fagurt getur öðrum þótt ljótt. Margar ólíkar leiðir eru færar til þess að lýsa málverkum og það er ekki nauðsynlegt að allir séu sammála eða upplifi listina á sama hátt. Töfrar listarinnar eru óendanlegir og menn hafa frelsi til að túlka og tjá sjálfa sig í gegnum listir (Eisner, 2002, bls. 197).

Þegar áhrif lista á börn eru könnuð kemur í ljós að þær þroska fegurðarskyn ásamt því að örva félagsþroska. Með listum læra börn að vege og meta það sem vekur áhuga þeirra í nútímaneysluheimi. Þau þroska með sér tilfinningar vegna upplifana sem þau verða fyrir í gegnum listir og skapandi störf. Gleðin og þörfin til þess að skapa býr innra með hverju barni þrátt fyrir þær breytingar sem verða í þjóðfélögum. Því má segja að sköpunargleðin og þörfin til að skapa sé tímalaus þrá sem býr innra með hverjum manni (Margét Jónsdóttir, 2005, bls. 122–124).

Markmið list- og verkgreina er að nemendur kynnist ólíkum vinnuaðferðum þar sem tækifæri gefst til þess að tjá sig með ólíkum aðferðum. Í list- og verkgreinum reyna nemendur á eigin sköpunarkraft, samhæfingu hugar og handar og verkkunnáttu (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 140). Skólar á Íslandi fá frjálssar hendur til að kenna nám í listum. List- og verkgreinar eiga samkvæmt aðalnámskrá að hafa jafnt vægi við uppsetningu á stundaskrá. Ákveðin gæði eru höfð að leiðarljósi við skipulag kennslu í listum og afurðin eru nemendur sem eiga auðvelt með að vinna með ólík listform (Bamford, 2011, bls. 7).

Í aðalnámskrá frá árinu 2011 kemur fram að listir og verkgreinar eru allt í senn ólíkar en þó líkar greinar. Þeir þættir sem sameina greinarnar eru: verkunnáttan, tæknin, sköpunin, fagurfræðin og gildi, efnisþekking, líkamsbeiting, túlkun og tjáning. Misjafnar áherslur eru lagðar á ofantalda þætti í kennslu lista og verkgreina. Listgreinar flokkast í tónmennt, sjónlist og sviðslistir. Undir verkgreinar flokkast *heimilisfræði, hönnun, smíði og textílmennnt* (Mennta og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls.60).

8.1 Dans

Dans sem var stiginn við lag Ragnars Bjarnasonar og KK Sextettsins „Mærin frá Mexico“ telst til menningarlegs arfs og hefur menningarlegt gildi. Hann var dansaður við síldarsöltun í Sandgerði árið 1957 og átti þátt í að ung hjón felldu hug saman og stofnuðu síðar fjölskyldu (Elínborg Ósk Elísdóttir, munnleg heimild, 15. janúar 2013). Dans er þannig hluti af menningu og þeim atburðum sem ber á góma í lífinu sjálfu. Hann er mikilvægur hluti af þeirri listflóru sem er að finna á Íslandi. Hann hefur félagslegt gildi þar sem fólk getur myndað hópa og dansað sér til skemmtunar. Dans inniheldur sögulega fræðslu þar sem tækifæri gefast til að kenna ýmsa dansa sem tilheyra fortíðinni ásamt nútímadönsum eða dönsum framtíðarinnar. Þrátt fyrir ólíkar dansaðferðir vinnur dans ávallt með aukna líkamsvitund, líkamslæsi og hreyfigreind einstaklinga. Í dansi örva börn misjafnar greindir, svo sem hreyfi- og rýmisgreind. Þrátt fyrir að dans sé tengdur listum helst hann einnig í hendur við íþróttakennslu þar sem unnið er með heilbrigði, sköpun og líkamlega tjáningu. Möguleikarnir sem felast í dansi eru nánast óendanlegir og hann hefur ákveðið félagslegt gildi þar sem hann hefur mátt til þess að brjóta niður múra. Í dansi þarf fólk ekki að tjá sig með máli heldur geta þátttakendur notað dansinn til þess að vinna með félagsleg samskipti, skemmt sér saman og styrkt vinabönd án orða. (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 144).

8.2 Leiklist

Í sköpunarferli leiklistar er mikilvægt að gera tilraunir með ólíkar frásagnaraðferðir, málfar og málsnið ásamt mismunandi blæbrigðum. Í leiklist reynir á tjáningu og túlkun einstaklingsins. Samkvæmt aðalnámskrá er leiklistin list augnabliksins. Í leiklist felast óendanlegir möguleikar og hún getur tekist á við umdeilanleg málefni sem brenna á samfélaginu. Leiklist stuðlar að því að nemendur styrki

samfélagsvitund sína ásamt því að vinna með lýðræðislega þátttöku. Í skapandi skólum er möguleiki fyrir kennara að nýta leiklist og samþætta hana við aðrar námsgreinar. Þannig getur kennari til dæmis komið á laggirnar leikriti líkt og *Brekkukotsannál* eftir Halldór Laxness og um leið fengið tækifæri til þess að vinna með móðurmál, samfélagsfræði og sögu.

Leiklist krefst þess að iðkendur hennar séu líkamlega virkir sem stuðlar að aukinni útrás þess sem vinnur við leiklist. Uppsetning leikverka er mikilvæg fyrir nemendur til að sýna afrakstur afurða. Við uppsetningu verka styrkjast stólpur jafnréttis og lýðræðis því nemendur vinna í hópum og fá innsýn í ólík þjóðfélagsmál. Með uppsetningu á verkum eykst samkennd meðal nemenda þar sem allir leggja sig fram við að gera sýninguna sem glæsilegasta. Jákvæð samskipti milli heimilis og skóla geta auk þess orðið afrakstur af leiksýningu nemenda (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 146).

8.3 Sjónlistir

Upphaf allra listsköpunar er hugmyndin sjálf en verkið eða hluturinn sem er afrakstur hugmyndarinnar verður ekki virkt fyrr en hugmyndinni er miðlað. Listsköpun býr yfir þeim eiginleikum að finna hugmyndum farvegi. Áhrif lista eru margvísleg og má þá helst nefna áhrif á félagsleg samskipti, fagurfræði og tilfinningar fólks. Listaverk hjálpa fólki að skilja söguna og auka skilning þess á menningu og samfélögum. Frelsi í myndmennt er frelsi einstaklingsins til þess að vinna án orða með málefni úr daglegu lífi eða út frá hugmyndum sem koma úr viðjum ímyndunaraflsins. Með námi í myndmennt fá nemendur tækifæri til að kanna eigin sjálfsþekkingu í tengslum við náttúru og efnisheiminn. Námsferli myndmenntar er skapandi ferli þar sem einstaklingurinn gerir rannsóknir og eykur skilning sinn á hlutum og fyrirbærum en vinnur jafnframt með ímyndunaraflíð.

Sjónlist krefst þess að nemendur finni sína innri rödd og geti þróað með sér leikni í sköpun myndverka. Áhrif lista á þroska manna eru þau að einstaklingurinn þróar með sér samkennd, umburðarlyndi og gagnrýnan skilning. Með námi í listum öðlast börn skilning á sjálfum sér og umheiminum (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 147–148; Rósa Kristín Júlíusdóttir, 2007, bls. 119–123).

Við sköpun sjónrænna verka vinna nemendur út frá eigin reynslu, menningu og umhverfi. Með sjónlist er lagður grundvöllur að því að skapa umræður um þá list

sem nemendur vinna eða upplifa hverju sinni og þar með skapast tækifæri til þess að þjálfa orðaforða sjónlistar ásamt því að auka samkennd og umburðarlyndi. Að lesa í umhverfið er mikilvægur þáttur í námi barna en það að vera læs þýðir ekki eingöngu að geta lesið stafi í bók heldur að geta lesið það sem er sýnilegt í kringum okkur. Allstaðar í umhverfinu er að finna sjónrænt áreiti sem nemendur þurfa að þekkja svo þeir skilji heiminn sem þeir búa í. Einstaklingar sem öðlast færni í að „lesa heiminn“ verða að lokum gagnrýnir og virkir þjóðfélagsþegnar. Með námi í sjónlist nota nemendur skynjun til að skapa, eyrun til að hlusta, fingur til að snerta og augu til að horfa og meta. Sjónlistir eru undirbúningur einstaklingsins fyrir lífið og með sjónlistum eflir hann frumkvæði sitt og verður betur í stakk búinn til að takast á við lífið (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 148).

8.4 Tónlist

Samkvæmt hugmyndum Platóns og Aristótelesar er tónlistin samfélagslegt fyrirbrigði eða listform sem hefur áhrif á tilfinningar og mannlegt eðli (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2010, bls. 1). Vísindamenn hafa útskýrt þróun tónlistar sem afleiðingu af öðrum eiginleikum sem eru mikilvægir þróunarferlinu. Við notum skynfærin til þess að semja tónlist og njóta hennar. Samkvæmt Steven Pinker iðkar maðurinn tónlist og hlustar á hana með sömu skynfærum og hann notar til þess að þróa með sér tungumál og tónlistin hefur því áhrif á að þjálfa skynfæri sem við notum til að tjá okkur. Hún er félagslega mikilvæg og tengir fólk saman á gleði- og sorgarstundum. Hún er öflugt sameiningartákn og getur átt þátt í að auka samkennd manna og haft sterk áhrif á ævi fólks (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2010, bls. 2).

Samkvæmt aðalnámskrá er tónlist ein leið mannsins til sköpunar og tjáskipta, oftast án orða. Tónlistariðkun fyrirfinnst víðs vegar í heiminu og í henni felst flutningur, sköpun og hlustun. Það sem einkennir tónlist eru tónar og hljóð en einnig á þögn sinn sess í tónlist. Þeir sem iðka tónlist geta gert það í hópi eða flutt verkin einir. Tónlist hefur í gegnum tíðina verið sameiningartákn þjóða en einnig verið notuð sem afl til aðgreiningar á fólki. Nemendur sem stunda tónlist þurfa að búa að góðri líkamlegri samhæfingu og greinandi hugsun. Tónlist er hluti af menningu fólks og hún hefur áhrif á framkomu og klæðaburð. Hlutverk tónlistarkennslu í grunnskólum er að efla næmni nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistarinnar sem eru: tónhæð, tónlengd, blær, styrkur, hljómur, túlkun og form. Þegar nemendur þekkja þessa frumþætti hafa þeir öðlast þekkingu til að geta myndað sér skoðanir á mismunandi tónlist.

Nauðsynlegt er að tónlist sé hluti af öllu skólastarfi. Með þeim hætti fá nemendur tækifæri til að kynna fjölbreyttri tónlist og gera hana að hluta af daglegu lífi sínu (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 150).

Samantekt

Áhrifa lista gætir víða í umhverfinu og þær eru oft áhrifavaldar hvað varðar þá stefnu sem við tökum í lífinu. Markmið með listnámi í aðalnámskrá er meðal annars að auðvelda nemendum val á námi og atvinnu að loknum grunnskóla. Í kaflanum hér á undan var fjallað um fram hver áhrif lista eru á einstaklinginn og hvert menningarlegt gildi þeirra er fyrir samfélagið. Nauðsynlegt er að nemendur fái tækifæri til þess að kynna fjölbreyttum listum til þess að auðga líf sitt og öðlast aukinn persónulegan þroska. Í kaflanum kemur fram að listir krefjast ekki munnlegra tjáskipta og eru því tungumál án orða. Með listum er lagður grundvöllur að umræðum og því að þjálfar nemendur í samkennd, umburðarlyndi og því í að setja sig í spor annarra.

9. Umræða

Markmið ritgerðarinnar var að varpa ljósi á mikilvægi sköpunar í námi grunnskólabarna. Til þess að leita svara við rannsóknarspurningunni: *Hvers vegna er mikilvægt að skólar vinni með sköpun í námi grunnskólabarna?* var leitað í skrif fræðimanna Deweys, Gardner, Steiners og Eisners en þeir hafa skoðanir á námi og kennslu barna. Dewey telur að börn læri með því að framkvæma en Garner álitur að í hverri manneskju búi mismunandi áhugasvið og það sé réttur hvers einstaklings að honum sé mætt í menntakerfinu. Steiner telur að listir séu næring mannsins og að umhverfið hafi áhrif á mótun hans. Hugmyndir Eisner eru fólgnar í því að tengja listir og almennt nám saman í auknum mæli og að kennarinn vinni að því að efla nemendur í að finna sjálfir lausnir á viðfangsefnum. Hann telur að skólar eigi að innleiða hugsun listamanna og uppfinningamanna þar sem nemandinn setur fram tilgátu, gerir tilraunir og kemst að niðurstöðu. Túlka má kenningar þessara fræðimanna með þeim hætti að þeir telji að sköpun og listir í námi barna geti vel átt samleið með bóklegu námi. Þeir telja að skólar þurfi að virða vilja og frelsi einstaklingsins til þess að finna lausnir og kanna á eigin forsendum, að skólakerfið þurfi að taka meira mark á áhuga einstaklingsins og mikilvægt sé að honum sé mætt þar sem hann er staddur í námi, sem og að listir hafi jákvæð áhrif á framgang barna í námi.

Með sköpun er grunnur lagður að námi sem hvetur einstaklinginn til að læra á eigin forsendum og ýtir undir frelsi hans til að túlka sjálfan sig og það samfélag sem hann er staddur í. Rannsókn sem gerð var í Evrópu á ári sköpunar og nýsköpunar árið 2012 greinir frá því að kennarar telja að sköpun gegni mikilvægu hlutverki í skólalastarfi en að hún sé ekki eins fyrirferðarmikil í starfinu og þeir vildu. Robinson telur að kenna þurfi nemendum um sköpun og menningu í skólum. Oreck greinir frá viðhorfum 432 kennara í garð lista en þeirra mat var að þá skorti faglega menntun og að þeir fyndu fyrir þrýstingi frá námskránni. Tímaleysi hafði einnig áhrif á að listir hefðu ekki fengið sinn sess í námi barna. Rannsókn Robinson gaf til kynna að kennarar þyrftu að treysta meira á eigið innsæi og mæta þörfum einstaklingsins með sköpun, umhverfi, viðhorfi og tjáningu, ekki ósvipað því sem kemur fram í kenningum Deweys, Gardners, Steiners og Eisners.

Rannsóknir og skrif fræðimanna styðja við hugsanir og viðhorf kennara í garð lista og skapandi náms. Þær upplýsa að sköpun í námi eigi vel heima í kennslustofunni í bland við önnur námsfög en kennarar hafa ekki jákvætt viðhorf til lista og skapandi starfs og eru óruggir líkt og kennararnir í rannsókn Oreck. Þeir telja einnig að þá skorti sjálfsöryggi til þess að kenna listir. Niðurstöður rannsókna Ingvars Sigurgeirssonar og Hafsteins Karlssonar á kennsluháttum gáfu til kynna að námsbókin væri stjórnþæki menntunar, að kennarar treystu of mikið á það námsefni sem ritað er í námsbækur barna og að þá skorti þor til þess að fara út fyrir ramma námsefnisins.

Því miður hafa skólar lagt of mikið kapp á að kanna þekkingu nemenda með því að leggja fyrir próf. Lowenfeld og Brittain benda á að próf eru lögð fyrir nemendum til þess að kanna þekkingu á ákveðnum viðfangsefnum sem kennarinn hefur kennt og að verðlaun séu veitt fyrir rétt svör en lítið sé gert í því að virkja nemendum til þess að finna sjálfir verðlaunin í lærdómsferlinu sem eru fólgin í ánægjunni við að leysa ólík viðfangsefni. Ljóst er að draga þarf úr prófamýttunni og viðurkenna þekkinguna sem nemendur öðlast við að skapa og framkvæma hugmyndir sem leiða af sér afurðir líkt og Dewey bendir á en hann telur að það sé óraunhæft að ætlast til þess að nemendur leggi námsefni á minnið. Hann telur að þess í stað ættu nemendur að læra af hugmyndum, tilgátum og tilraunum líkt og hugmyndir Eisners um nám gefa til kynna.

Námsleiði er mein sem menntakerfið stendur frammi fyrir. Þrátt fyrir að rannsóknin sem Stefán Edelstein gerði á íslenskum skólabörnum sé gömul tel ég að margt komi þar fram sem eigi enn við rök að styðjast í nútímanum. Rannsókn Stefáns gaf til kynna að börn væru full af forvitni og áhuga á að læra í byrjun skólagöngu sinnar en þegar liði á skólagönguna misstu þau þennan neista. Edelstein telur að innri námshvöt eigi þátt í að viðhalda námsáhuga barna og að það sé hlutverk skólanna að viðhalda henni og leggja á borð verðug viðfangsefni. Gardner tekur undir þá skoðun Edelsteins að menntakerfið þurfi að koma til móts við áhugasvið nemenda og skapa nám út frá áhuga þeirra. Dewey taldi að koma mætti í veg fyrir námsleiða nemenda með því að leyfa nemendum að framkvæma, upplifa og læra á eigin forsendum.

Samkvæmt Eisner eiga kennarar að tengja saman ólíkar námsgreinar og stuðla þannig að samfellu í námi sem vekur áhuga, ánægju og þekkingu nemenda. Í bókinni *Sköpun*, sem er hluti af ritröð um grunnþætti menntunar, má lesa um mikilvægi þess að skólar vinni með sköpun í námi barna og að listir í nútímaneysluheimi stuðli að auknu fegurðarskygni fólks og þjálfu einstaklinga í að mynda sér skoðanir á málefnum hversdagsins. Þrátt fyrir breytingar á nútímasamfélögum hefur maðurinn enn ríka þörf fyrir að túlka og tjá sjálfan sig. Því má segja að skapandi skólar vinni að því að koma til móts við innri þrá mannsins.

Sjálf hef ég gert tilraunir með að flétta saman ólík fög á borð við ensku, tónlist og margmiðlun. Þá vann ég með grunnþætti menntunar sem teljast til miðlamenntar, sköpunar og lýðræðis. Nemendur unnu tónlistarverkefni þar sem þeir öfluðu sér upplýsinga um tónlistarmann eða hljómsveit og greindu tónlistina, til dæmis hvort hún væri rapp, popp, þungarokk eða djass. Nemendur unnu síðan glærुकynningu þar sem þeir höfðu frjálsar hendur með að hanna umgjörðina. Nokkrir nemendur ákváðu að leyfa samnemendur sínum að horfa á tónlistarmyndbönd en aðrir spiluðu tónlistina fyrir bekkinn. Ég bað þá um að túlka textann sem tónlistarmennirnir og hljómsveitirnar fluttu. Þar með fengu nemendur þjálfun í ensku og bættu við þekkingu sína á sviði tónlistar. Ég spurði nemendurna út í upplifun þeirra á verkefninu og fékk þau svör að þeir voru yfirleitt sáttir við þá leið sem ég valdi, nefndu að þeir hefðu lært mikið á náminu og að þeir kysu í framtíðinni að vinna svona verkefni í stað þess að þreyja próf.

Mín upplifun af námi með þessum hætti er að nemendur eru fúsari til þess að læra og eru ánægðir og jákvæðir. Útkoman er að mínu mati glæsileg. Ég fylgdist vel með

nemendum vinna og það var sama hvert ég leit, alls staðar sá ég þá vinna ötullega að þeim viðfangsefnum sem þeir völdu. Nemendurnir töluðu einnig um að þeim fyndist jákvætt að hafa frelsi til þess að velja hvað þeir lærðu og fundu fyrir ákveðnu lýðræði þar sem þeir fengu að ráða ferðinni. Þessi kennsluáferð rennir stoðum undir þær kenningar sem fræðimenn hafa greint frá hér að framan, sérstaklega hugmyndir Eisners sem telur að kennsla, skipulag skóla, kennslufræði og kennsluáferðir tengist sterkum böndum. Hann telur að það sé mikilvægt að skilja þessi öflugum bönd, flétta saman listgreinar og almennt nám og færa þannig bóknám í átt að kennslufræði listgreina.

Kenningar fræðimannanna gefa þeirri hugmynd byr undir báða vængi að skólar eigi að taka upp nýjar áherslur í námi barna og þróa nýjar leiðir til þess að koma til móts við ólíkar þarfir einstaklinga svo þeir nái að þroskast og dafna í námi, líkt og Garner lýsir svo vel með fjölgreindarkenningunni og sýn Deweys og Eisner á skólahaldi þar sem þeir tengja nám við reynsluheim nemandans. Ég tel nauðsynlegt að kennarar og skólar vinni meira með sköpun og listir í námi barna og tengi þær við ólíkar námsgreinar. Sem betur fer eru ekki allir einstaklingar steiptir í sama mótið og er það von mín að allir aðilar sem vinna við menntun barna hafi grunnþætti menntunar að leiðarljósi, vinni með sköpun í námi og komi til móts við þarfir fólks líkt og aðalnámskrá frá árinu 2011 leggur til.

Þær kenningar og fræði sem ég hef lesið styðja þá kenningu að listir eigi vel heima í námi grunnskóla barna. Það er trú mín, sem og ýmissa fræðinga, að sköpun og listir eigi þátt í að bæta líðan fólks og stuðli að andlegu jafnvægi ásamt því að einstaklingurinn læri að þekkja eigin tilfinningar og að lesa í hugsanir og líðan samferðarfólks síns. Ég tel að það sé mikilvægt að börn læri á eigin forsendum og af innri áhuga og þrá og að einstaklingurinn leggi á minnið þá þekkingu sem hann telur sig þurfa að nota í lífinu sjálfu en ekki þekkingu sem kennarinn predikar yfir nemendum. Við þurfum á framsæknu og skapandi fólki að halda sem hefur þor og þrek til þess að hafa áhrif á samfélagið og umheiminn og listir stuðla að því að skólar útskrifi fólk sem býr að slíkum eiginleikum.

Heimildaskrá

- Aldís Unnur Guðmundsdóttir. (2007). *Þroskasálfræði. Lengi býr að fyrstu gerð*. Reykjavík: Mál og menning.
- Bamford, A. (2011). *List- og menningarfræðsla á Íslandi*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Barnes, H. (1991). Learning That Grows with the Learner: An Introduction to Waldorf Education. *Educational Leadership*. Sótt 23. mars 2013 af <http://web.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?vid=5&sid=d6b2c416-6c6b-4a22-89d8-94806eda6ae8%40sessionmgr111&hid=125>
- Berglind Rós Magnúsdóttir. (2009). Where is the space for creativity in Icelandic society? *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 17. apríl 2013 af <http://netla.hi.is/sprotar/2009/001/index.htm>
- Campell, L.H. (2011). Holistic Art Education: A Transformative Approach to Teaching Art. *Art Education*, 64, 18–25.
- Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Edelstein, W. (2008). *Skóli – Nám – Samfélag*. Reykjavík: Oddi.
- Edelstein, W. (2010). Lýðræðið verður að læra. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 16. mars 2013 af <http://netla.khi.is/greinar/2010/005/index.htm>
- Eisner, E.W. (2002). *The Arts and the Creation of Mind*. New Haven: Yale University Press.
- Eisner, E.W. (2005). *Reimagining Schools. The Selected Works of Elliott W. Eisner*. London: Routledge, World library of Educationalists.
- Guðrún Friðgeirsdóttir og Margrét Jónsdóttir. (2005). *Uppeldi*. Reykjavík: Mál og menning.
- Hafsteinn Karlsson. (2009). Kennsluaðferðir í íslenskum og finnskum grunnskólum. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 19. apríl 2013 af <http://netla.hi.is/greinar/2009/001/index.htm>
- Hafþór Guðjónsson. (2010). Að vitsmunir barnanna þroskist á náminu. *Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 15. mars 2013 af <http://netla.hi.is/greinar/2010/010/index.htm>
- Háskóli Íslands. (2011). Prófkvíði fer ekki í manngreinaálit. *Háskóli Íslands*. Sótt 7. apríl 2013 af http://student.is/frettir/pr%C3%B3fkv%C3%AD%C3%B0i_fer_ekki_%C3%AD_ma_nngreinar%C3%A1lit
- Háskólinn í Reykjavík. (2013). Prófkvíði. *Háskólinn í Reykjavík*. Sótt 6. apríl 2013 af <http://www.ru.is/thjonusta/studentathjonusta/proftaekni/profkvidi/>

Helga Rut Guðmundsdóttir. (2010). Hugmyndir um uppruna tónlistar í ljósi þekkingar af vettvangi heilarannsóknar og tónlistarrannsókna. *Ráðstefnurit Netlu*. Sótt 14. mars 2013 af <http://skemman.is/stream/get/1946/7830/20423/1/0142.pdf>

Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson. (2012). *Sköpun – Rit um grunnþætti menntunar*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Ingvar Sigurgeirsson. (1999). *Litróf kennsluáðferðanna*. Reykjavík: Æskan.

Jón Torfi Jónsson. (1996). Um gildi verk- og listgreina í almennri menntun. Í Daníel Ólafsson og Þór Ingi Daníelsson (ritstj.), *Handverk* (9–15). Reykjavík: Samnorræn handverkssýning.

Katrín Jakobsdóttir. (2012). *Sköpun – Ritröð um grunnþætti menntunar*. Reykjavík: Mennta og menningarmálaráðuneyti.

Kristín Valsdóttir. (2009). Listkennsla, kennarinn og listamaðurinn. *Skólavardan*. Sótt 13. janúar 2013 af <http://www.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=7632>

Lowenfeld, V og Brittain, W.L. (1987). *Creative and Mental Growth*. New York: Macmillan Publishing Company.

Margerison, Charles. (2005). Great Thinkers: John Dewey 1859–1952. *Training Journal*, bls. 5.

Margrét Jónsdóttir. (2005). Listir í lífi barna og barnamenning. *Uppeldi*. Reykjavík: Mál og menning.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá, almennur hluti*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Aðalnámskrá, greinasvið*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Myhre, R. (2001). *Stefnur og straumar í uppeldissögu* (Bjarni Bjarnason þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Oreck, B. (2004). The Artistic and Professional Development of Teachers: A Study of Teachers' Attitudes toward and Use of the Arts in Teaching. [rafræn útgáfa]. *Journal of Teacher Education*. Sótt 3. apríl 2013 af <http://jte.sagepub.com/content/55/1/55>

Rósa Kristín Júlíusdóttir. (2006). Hlutverk myndsköpunar í daglegu lífi ungmenna. *Uppeldi og menntun*, 15(1), 85–101.

Rósa Kristín Júlíusdóttir. (2007). Gildi fagurfræði í myndlistarkennslu ungra barna. Í Kristín Bjarnadóttir og Sigrún Klara Hannesdóttir (ritstj.), *Þekking – þjálfun – þroski: greinar um uppeldis og fræðslumál* (bls. 119–128). Reykjavík: Delta Kappa Gamma.

Svana Helen Björnsdóttir. (11. apríl 2013). Skortur á menntuðu starfsfólki. *RÚV*. Sótt 12. apríl 2013 af <http://www.ruv.is/frett/skortur-a-menntudu-starfsfolki-0>

